



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Maríuborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Leiðarljós Maríuborgar; Leikur – Samskipti – Námsgleði	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	3
3	Innra mat.....	6
3.1	Matsfundur í febrúar	6
3.2	Matsfundur í maí	6
4	Innra mat deilda.....	8
4.1	Púfa.....	8
4.2	Laut	10
4.3	Lundur.....	12
4.4	Brekka	14
4.5	Maríustofa	16
5	Ytra mat.....	18
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla	19
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
8	Foreldrasamvinna	23
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	24
10	Fylgigögn.....	25
10.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	25
10.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	25
10.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25
10.4	Fylgiskjal 4 - Skóladagatal	25



1 Leiðarljós Maríuborgar; Leikur – Samskipti – Námsgleði

Einkunnarorðin okkar og megingildi, leikur, samskipti, námsgleði móta hugmyndafræði okkar. Allt sem við gerum er til þess hugsað að efla og örva leik barnanna, styðja við og kenna jákvæð samskipti og stuðla að námsgleði, forvitni og fróðleiksfýsn. Hugmyndafræði okkar og einkunnarorð styðjast við kenningar John Dewey, Howard Gardner, William Damon og Daniel Goleman. Nánar má lesa um hugmyndafræði okkar í Námskrá Maríuborgar sem kom út 14. nóvember 2015.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Þá er enn eitt skólaárið liðið á Maríuborg og komið að því að gera starfsáætlun fyrir árið 2019 – 2020.

Þegar horft er til baka yfir þetta starfsár er margt jákvætt og annað sem betur hefði mátt ganga á starfsárinu. Greinargerð sem þessi er ekki tæmandi en varpar ljósi á þá helstu þætti starfsins okkar sem upp koma í hugann þegar horft er til baka til síðasta skólaárs eða 2018 – 2019.

Það sem er mjög jákvætt er hvað okkur hefur tekist að vinna vel og markvisst úr ytra matinu sem gert var í lok árs 2018. Einnig hefur verið unnið markvisst að umbótaþáttunum sem fram komu á matsfundi í febrúar á þessu ári.

Það er gaman að geta merkt við alla þá þætti sem þar koma fram sem er frekar einfalt og fljótlegt að bæta úr t.d. að kanna loftgæðin í leikskólanum, vaktaskipulag í garðinum, nýtingu á efniviðnum okkar og fleira sem kom fram og tiltölulega einfalt var að bæta úr. En þar koma líka fyrir þættir í okkar starfi sem geta og verður að mínu mati alltaf “langhlaup” að ná samanber samskiptin og veikindi starfsmanna.

Það var ánægjulegt að heyra í starfsþróunarsamtölunum núna í ár að samvinna almennt í leikskólanum hefur gengið vel og aukist. Það er mikill metnaður hjá starfsfólkinu að láta faglegt starf og dagskipulagið almennt ganga vel upp. Ég var með starfsþróunarsamtölin frekar seint á þessu ári og eins drógust þau á langinn. En þau standa samt alltaf fyrir sínu sem eitt helsta matstæki mitt sem leikskólastjóra. Ég lét alla starfsmenn setja sér skriflegt starfsþróunarmarkmið á sérútbúnu eyðublaði frá sviðinu og verður gaman að sjá hvernig



starfsfólkinu hefur gengið að ná sínum markmiðum á næsta ári þegar ég tek aftur starfsþróunarsamtöl.

Í haust verður ein deild í leikskólanum gerð að ungbarnadeild og eru þær framkvæmdir langt komnar. Búið að setja hita í gólfíð og kaupa inn húsgögn og leikefni en enn bíðum við eftir því að lóðin okkar verði tekin í gegn. Samkvæmt teikningunni af lóðinni mun hún líta mjög vel út með nýjum leiktækjum og fleiri úrbættum, við bíðum því mjög spennt eftir þessum breytingum. Það kom einmitt oft fyrir í foreldrakönnuninni sem gerð var á árinu að foreldrar minntust á lóðina og að það þyrfti að gera endurbætur á henni.

Með tilkomu ungbarnadeildar verður fækkun á börnum í leikskólanum og er það mjög ánægjulegt. Í gegnum árin hefur komið mjög skýrt fram í öllum könnunum meðal starfsmanna, starfsþróunarsamtölum og umræðum almennt um leikskólamála að fækkun barna muni verða farsælasta og gagnlegasta leiðin til að draga úr því mikla álagi sem mælist árlega í leikskólum borgarinnar. Það verða níutíu börn í leikskólanum í haust á fimm deildum og mest tuttugu og tvö börn á eldri deildunum sem hér áður fyrr voru allt upp í tuttugu og sex börn hverju sinni.

Við stefnum á námsferð til Póllands eða til Gdansk dagana 19. til 23. maí 2020. Þar ætlum við m.a. að kynna okkur jákvæðan aga ásamt því að skoða nokkra leikskóla. Ferðanefndin er á fullu í samráði við ferðaskrifstofuna Mundo að skipuleggja skemmtilega og fróðlega ferð fyrir starfsmannahópinn og vonandi komast sem flestir með í námsferðina.

Tekin var ákvörðun hjá Skóla- og frístundasviði að stofna þróunar- og nýsköpunarsjóð sem gerir skólum borgarinnar kleift að sækja um fjármagn til að vinna að þróunarverkefnum annaðhvort með öðrum skólum eða einn og sér. Í framhaldi að því ákváðum við á Maríuborg að sækja um styrk og fara að vinna markvisst með Vináttuverkefnið Blæ sem Barnaheill hefur haft yfirumsjón með og yfir 50% leikskóla eru að vinna með og mikil ánægja er með.

Verkefnið um Blæ tengist mjög vel hugmyndafræðinni um lífsleikninám enda tökum við alltaf fyrir dygðina vinsemd á hverju hausti. Blær tengist mjög vel okkar stefnu í starfinu og á örugglega eftir að verða góður vinur Lubba sem við höfum verið að vinna markvisst með undanfarin ár. Umhverfismenntin verður aftur tekin föstum tökum í haust og erum við að fara að vinna með vatnið/hafið og munum við samþætta allt nám leikskólans þannig að hver stund

feli í sér margþætt nám. Þannig vinnum við t.a.m. sameiginlegt verkefni einu til tvisvar sinnum á ári, þvert á deildir, þar sem við sameinum markmið umhverfismenntunar og lífsleikni.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“ er að mínu mati metnaðarfull framtíðarsýn. Hún einkennist af framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Eins og nafn stefnunnar ber með sér felur hún í sér að við sem störfum að skólamálum borgarinnar gerum okkar besta til að láta drauma barnanna rætast. Það er gjöfult, fallett og metnaðarfullt verkefni fyrir börnin okkar.

Eins og segir orðrétt í stefnunni : Meginmarkmið stefnunnar að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Ég horfi björtum augum til framtíðar með færri börn í haust og mikla og faglega starfsreynslu í leikskólanum. Að sjálfsgöðu eru alltaf krefjandi verkefni og áskoranir sem bíða okkar en það eru verkefnin sem þróa okkur og efla áfram í því mikilvæga starfi sem unnið er í leikskólanum.

Nýja menntastefna borgarinnar verður okkar leiðarljós inn í framtíðina þar sem hún byggir á fimm grundvallarpáttum : Félagssfærni, sjálfeflingu, læsi, sköpun og heilbrigði.

Ég læt þetta verða mín lokaorð í þessari greinagerð minni um næsta skólaár í leikskólanum Maríuborg.



3 Innra mat

3.1 Matsfundur í febrúar

Matsfundur allra starfsmanna var haldinn þann 7. febrúar 2019. Fundurinn hefur fest sig í sessi sem stærsti vettvangur innra mats og umbóta í Maríuborg og er ætíð með sama sniði. Hver og einn starfsmaður fyllir út sérstakt matsblað þar sem hann gefur leikskólanum og starfinu tvær stjórnur fyrir atriði sem hann metur að gangi vel og sé leikskólanum til sérstaks sóma en einnig tvö laufblöð fyrir atriði sem hann vill leggja meiri rækt við og bæta. Á fundinum sjálfum lesa allir sínar niðurstöður og ritari fundarins skráir niður. Að fundinum loknum taka stjórnendur saman niðurstöður matsins, flokka laufblöðin og undirbúa hópavinnu þar sem starfsmenn vinna að umbótum í takt við laufblöðin sem hlúa þarf að. Þessi vinna var unnin skipulagsdaginn 22. mars 2019 og sett fram umbótaáætlun, sem sjá má í fylgiskjali 10.4.

3.2 Matsfundur í maí

Stjórnendateymi skólans hittist á löngum fundi þann 21. maí 2019 og fór yfir umbótaáætlun vetrarins, hvernig hefði tiltekist, hvað væri komið í gang og hvað þyrfti að leggja meiri vinnu við.

Endurmat:

Fjarvistir: Búið er að kanna loftgæði á tveimur deildum, en beðið er eftir niðurstöðum (enn ekki komnar þegar starfsáætlun var gerð). Rætt var um aðferðir til að takmarka orlof á kennslutíma (sept. – apríl), en komumst ekki að niðurstöðu. Enn ekki kominn sá dagur að enginn væri frá vegna veikinda.

Útisvæði og útivera: Skipulagið er komið upp, en vantar eintak inn á Maríustofu.

Samvinna, samskipti, hjálpsemi: Vantar enn að setja upp og útfæra skráningarblað fyrir undirbúning, markmið fyrir næsta vetur. Samræmd agastefna verður unnin næsta vetur, t.d. er orðið ákveðið að fara á námskeið um jákvæðan aga í Póllandi í maí 2020. Stöðutjékk er farið núna rétt fyrir 9 og reynist vel.



Matseðill: Matráðsfundur verður næst í ágúst. Kennarar meðvitaðri um fjölbreytni í ávaxtastund.

Tónlist og jóga: Matsþættir eiga lítið við þar sem aðstæður eru mikið breyttar, tónlistarkennari er hættur og hugmynd að taka upp heimspekistundir í staðinn. Útfærsla betur útfærð í byrjun vetrar.

Lubbi finnur málbein: Aðstæður aðeins breyttar, verkefnastjóri hættur. Útfærum betur í haust.

Upplýsingaflæði: Þurfum alltaf að vera meðvituð um að halda góðu upplýsingaflæði og bera okkur eftir upplýsingunum líka.

Stofuskipti og flæði: Hafa gengið vel, en búin að vera mjög rútínulaus undanfarið. Setjum í pásu fram á haust og endurmetum/skipuleggjum betur þá með tilliti til nýs barnahóps á deildum. Þarf að skerpa á og fara yfir reglur í flæði og skipuleggja betur mönnun á svæðum. Hafa litla flæði (Púfa+Laut og Lundur+Brekka+Maríustofa) fram að áramótum '19-'20 en stóra flæði eftir áramót.

Starfsandi: Þó það hafi mikið minnkað kemur enn fyrir að rætt er um börnin á kaffistofunni, þurfum að vanda okkur betur þar. Ef við þurfum nauðsynlega að ræða einstök tilvik og/eða börn að fara þá inn í undirbúningsherbergi. Samskiptasamningur og starfsmannahandbók verði tekin fyrir á fyrsta skipulagsdegi vetrarins.

Umgengni kennara: Eitthvað sem við þurfum alltaf að vera á tánum yfir og vera vakandi fyrir umhverfi okkar og umgengni. Hefur þó mikið batnað frá því í febrúar.

Umhverfismennt: Við erum ári á eftir í að fá nýjan Grænfána, en það orsakast af því að Sólrún sem var verkefnastjóri yfir umhverfismenntinni er í fæðingarorlofi. Við stefnum á að fá fjórða Grænfánann á haustönn 2020. Einnig stefnum við að því að verða plastpokalaus leikskóli, en það verðum við líklega að taka í skrefum.

4 Innra mat deilda

4.1 Þúfa

Greinargerð deildarstjóra

Veturinn 2018-2019 voru 17 börn á þúfu, 12 börn fædd árið 2016, 4 börn fædd árið 2017 og eitt barn fætt árið 2018.

Hópastarf: Börnin fara í hópastarf 2x í viku og er þeim þá skipt niður í 3 hópa í c.a. 40 mín í senn. Við erum í ýmsum verkefnum t.d. könnunarleik, hreyfingu, lesum, syngjum, spjöllum, spilum, erum í ýmsum borðleikjum og í myndlist.

Hreyfistund: Allir fara 1x í viku í hreyfistund í salnum. Þar setjum við upp þrautabraut, förum í hreyfileiki og hringleiki, og æfum okkur í hinum ýmsu æfingum m.a. þeim sem lagðar eru fyrir börnin í þroskaprófi/gátlistum að vori.

Samverustund: Samverustundir eru hjá okkur 2x á dag. Annarsvegar í hádeginu þegar hluti af börnunum sefur og hinsvegar seinnipart dags. Í báðum stundunum er hópnum skipt í tvennt og þá er lesið, sungið, farið með þulur og spjallað saman.

Tónlist: Öll börn deildarinnar fara í tónlist 1x í viku með tónlistarkennara.

Jóga: Öll börn deildarinnar fara í jóгатíma 1x í viku með jógakennara.

Kubbastofa: Einn dag í viku hefur hver deild aðgang að kubbastofu, sem er eitt af vinsælustu svæðum leikskólans. Þar erum við að leika með/byggja úr stórum mjúkum svampkubbum. Stundum erum við líka með búninga, slæður, bolta o.fl.

Söngstund: Alla daga erum við með söngstund fyrir hádegismat. Þar eru öll börnin saman og syngja og við fléttum Lubba mikið inn í þessar stundir. Við notum líka tákn í þessum stundum og lög þar sem notuð eru tákn eða hreyfingar með textanum.

Söngstund í sal: Einu sinni í viku hittast öll börn leikskólans í salnum og syngja saman. Þessar stundir skipuleggur starfsfólk leikskólans og skiptast deildarnar á að sjá um söngsalinn. Sú deild sem sér um salinn útbýr boðskort og fer með á allar deildir skólans og þar koma einnig fram þau lög sem á að syngja í salnum og börnin á deildinni hafa tekið þátt í að velja. Stundum eru deildirnar með uppákomu.

Lubbi: Við vinnum markvisst með Lubba á Þúfu, syngjum lögin, skoðum bókina og hlustum/horfum á hann í tölvu. Eigum líka Lubbahund sem fær að taka þátt í þessum stundum.

Útivera: Við leggjum mikla áherslu á að allir fari í útveru daglega. En þar sem leikskólinn stendur mjög hátt í Grafarholtinu er oft mjög vindasamt og veður þannig að við treystum ekki yngstu börnum leikskólans í útiveru.

Frjáls leikur: Frjálsi leikurinn er stór þáttur í starfi með yngstu börnunum og leggjum við mikla áherslu á hann.

Ferðir: Við reynum að vera duglegar að fara í gönguferðir í nágrenni leikskólans á vorin. Förum líka og horfum á brúðubílinn að sumri þegar hann kemur í hverfið.

Í júní förum við svo í húsdýragarðinn í 3 hópum. Við förum með strætó, skemmtum okkur við að skoða dýrin og leikum okkur í fjölskyldugarðinum. Tökum með okkur nesti, pylsur á grillið og drykki.

Þegar skóla lýkur á vorin notum við mikið skólalóðina við Ingunnarskóla og förum með börnin þangað í leik. Einnig förum við reglulega á leikvelli í nágrenni leikskólans.

Guðlaug Gunnarsdóttir leikskólakennari, deildarstjóri Þúfu skólaárið 2018 - 2019

Niðurstaða endurmats

Stjörnur, það sem við gerum vel:

- Lubbabókin er notuð markvisst í söngstundum
- Útivera alla daga
- Markvisst unnið með myndlist á deildinni

Laufblöð, það sem við viljum bæta:

- Hópastarf
 - Passa að hópastarfið falli ekki niður
 - Vinna markvisst með hópana
 - Tengja Lubba og tónlist inn í hópastarfið

- Fara oftár í gönguferðir
- Fleiri jógaundir

Umbótaáætlun deildar

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir umbóta	til	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið og árangur	um
Hópastarf	Fara markvisst í hópastarf tvisvar í viku	Setja dagskipulag	í	Sept. '19 – maí '20	Deildarstjóri og hópstjórar	Deildarfundir	Minnst tvisvar í viku	
Göngu-ferðir	Fara í gönguferð í hverjum mánuði	Miða við fara í litavikum	að	Sept. '19 – maí '20	Deildarstjóri	Deildarfundir Endurmetið í jan. '20 hvort bæta eigi við í x2 í mánuði	Minnst einu sinni í mánuði fram að jólum	

4.2 Laut

Greinargerð deildarstjóra

Í vinnslu við innra mat leikskólaársins 2018 – 2019 settumst við niður á deildarfundum og ræddum í þau alla umbótaþætti og það sem vel var gert. Hér að neðan koma fram þeir umbótaþættir sem við ætlum að leggja aðaláherslu á veturinn 2019 – 2020.

Litavikur: Okkur tókst vel til í samverustundum að fjalla um og fræða börnin um litina, en okkur fannst að litirnir mættu vera sýnilegri, bæði inni á deild og fyrir framan.

Opna húsið: Gekk vel, góð mæting og gestir og gangandi ánægðir með deildina.

Sameiginlega verkefnið vantaði sýnilega og bætur verða gerðar á því vorið 2020 þar sem þetta var orðinn stór þáttur í að kynna átthagana nær og fjær fyrir börnunum og var sárt saknað af mörgum þetta vorið.

Hópaheftin: Við vorum allar stoltar af því að hópaheftið var notað og unnið markvisst upp úr þennan vetur, þó að hópastarfið hafi verið í aðeins öðru formi. Börnin sem við vorum að aðlaga



síðastliðið haust voru 18 talsins, var því dágóður tími sem fór í það að kenna þeim að vera í leikskóla. Við vorum með leshópa fyrir hádegi þrjá daga í viku, fyrir áramót, þar var farið í litlum hópum út af deildinni og lesið. Við vorum með heimspekihópa þrjá morgna í viku eftir áramót, einnig var jóga og tónlist í boði. Samverustundirnar hafa verið mjög faglegar og markvissar í allan vetur, sem hefur skilað sín bæði til barnanna og foreldranna.

Lubbi finnur málbein: Lubbatáknin og máhljóðin hafa verið kennd markvisst í allan vetur, en bæta mætti verulega lestur og söng upp úr Lubbabókinni ásamt því að hafa Lubbahundinn sjálfan með í stundunum. Við erum mjög spenntar fyrir Blæ vináttuverkefninu, stefnan er að sameina þessi tvö kennslugögn í eitt sem ætti að skila góðum árangri þegar fram líða stundir.

Ingibjörg R. Kristjánsdóttir leikskólaliði, deildarstjóri Lautar skólaárið 2018 - 2019

Umbótaáætlun deildar

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Litavikur	Gera meira áberandi og vinna markvisst	Hengja liti upp á vegg. Nota í hópastarfi og samverustundum	September 2019, að lokinni aðlögun	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Listaverk barnanna. Skráningar. Metið á deildarfundum.	Litavikur verði áberandi í starfi og umhverfi deildarinnar.
Viðtöl við börnin	Skrá hugsanir og upplifun barnanna. Birta á opnu húsi.	Taka markvisst viðtöl við börnin frá áramótum fram á vorið.	Janúar 2020	Deildarstjóri. Hópstjórar.	Skráningar á viðtölum. Metið á deildarfundum.	Viðtöl birt á opnu húsi.
Hópastarf	Halda virku hópastarfi.	Verðum með þrjá hópa næsta haust. Einn elsta hóp (2016) og tvo yngri (2017)	September 2019	Deildarstjóri. Hópstjórar.	Hópstjórar halda utan um og skrá hópastarfið. Jóga og lífsleikni.	Í maí 2020 verður hópastarf metið. Hópastarf í hverri viku.
Nýting svæða	Nýta betur svæði í húsi.	Fara í sal og kubbastofu þegar við eigum, reyna að fá aðra daga.	Ágúst/ september 2019	Stjórnendateymi. Deildarstjóri.	Matsfundur maí 2020	Ekki vera með svæði á fimmtudögum.



Lubbi finnur málbein	Dusta af honum rykið og gera markvissar	Hafa Lubba með í samverustundum og hópastarfi. Hafa markvissar Lubbastundir	Byrjun sept. 2019	Deildarstjóri og hópstjórar	Deildarfundir og endurmat í maí 2020	Fylgja málhljóðum vikunnar í sönghefti/ hópahefti
-------------------------------------	--	---	----------------------	-----------------------------------	--	---

4.3 Lundur

Greinargerð deildarstjóra

Í haust voru í byrjun 24 börn á Lundi, en fyrir jólfækkaði um einn. Það voru tveir árgangar, 17 börn fædd 2014 og 6 börn fædd 2015.

Hópastarfið hófum við strax í byrjun september með fjórum hópum. Það var alla daga nema föstudaga því þá var opið flæði og stofuskipti. Hópastarfið samanstóð af jóga, tónlist, listum, kubbastofu, sal og verkefnavinnu í hefti sem Maríanna útbjó fyrir börnin fædd 2014. Allir fóru út einu sinni á dag, tveir hópar fyrir hádegi og tveir hópar eftir hádegi. Lubbi var lesinn á hverjum degi. Við vorum með myndrænt skipulag sem farið var yfir á morgunfundum.

Við fylgdum hópaheftinu í öllu okkar starfi. Börnin fengu að koma með hugmyndir að verkum, t.d. í litavikunum, þannig unnum við að meira lýðræði. Þemavinna hjá okkur í vetur var „Ég og fjölskyldan mín“ sem endaði í flottu verki á opnu húsi í vor. Um jólin gátu börnin valið um tvennt til að gefa foreldrum sínum í jólagjöf.

Einnig unnum við markvisst að því að lesa ljóð fyrir þau með það að leiðarljósi að gera ljóðabók. Allir gerðu sitt ljóð á endanum og úr varð stórkostleg ljóðabók með myndum eftir þau við hvert ljóð, sem þau síðan seldu foreldrum sínum á 500 kr. Farin var strætóferð í Spöngina, keyptur ís og svo farið til Ólafar að grilla pylsur. Börnin komu sjálf með hugmyndina, þ.e. að selja ljóðabókina til að kaupa ís.

Öll börnin fóru á Árbæjarsafnið í haust. Sögubíllinn Æringi kom í heimsókn í vor, hann var fyrir tvo elstu árgangana (2013 og 2014). Við fórum í ferð með nesti í Sæmundarskóla og Reynisvatn, fjöruferð í Grafarvoginn auk annarra styttri ferð. Endurvinnslan var á sínum stað og ávaxtaálfur var valinn á hverjum degi.

Við höfum lagt mikla áherslu á vinsemd og hjálpsemi í vetur, að þau hjálpi hvert öðru t.d. að smyrja brauðið sitt og hella mjólk í glasið fyrir sessunaut sinn sem á í erfiðleikum með það, hugga einhvern sem er að gráta og hjálpa vini sínum í fataklefanum sem finnur ekki ermina á jakkanum.

Hildur Edda Karlsdóttir leikskólaliði/ stuðningsfulltrúi, deildarstjóri Lundar skólaárið 2018-2019

Niðurstaða endurmats

Stjörnur, það sem við gerum vel:

- Samstarfið hefur gengið vel
- Hópastarfið gekk vel, lítið sem ekkert fallið niður.
- Dagskipulagið gott, rúllar vel
- Duglegar að nýta mannauðinn
- Starfsmenn á Lundi taka mikið frumkvæði og koma með góðar hugmyndir (deildarstj.)

Laufblöð, það sem við viljum bæta:

- Málörvunin hefur dottið niður í vetur
- Þurfum að taka okkur á í að kenna börnunum m.a. um líkamsheiti og húsdýrin

Umbótaáætlun deildar

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir umbóta	til	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið og árangur	um
Málörvun	Auka málörvun á deildinni	Hafa málörvun dagskipulagi Nota bækur Markviss málörvun, finnur Orðagull mér eyra	markvissa í	Í þegar hópastarf byrjar	haust, og hópstjórar	Deildarstjóri og Metið jafnóðum deildarfund um lokamat maí	Markviss á stund fyrir öll börn minnst tvisvar mánuði	í



Aukinn orðaforði/ þekking	Kenna/ ræða um húsdýrin og líkamann	Lesna bækur og gera verkefni	Í haust þegar hópastarf byrjar	Deildarstjóri og hópstjórar	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat má	Rætt um/ farið yfir í hverjum mánuði, í samverustundum og hópastarfi
----------------------------------	-------------------------------------	------------------------------	--------------------------------	-----------------------------	--	--

4.4 Brekka

Greinargerð deildarstjóra

Veturinn á Brekku hefur verið skemmtilegur, kraftmikill og lærdómsríkur.

Við vorum með 22 börn í þremur árgöngum 11 börn í skólahóp sem eru fædd árið 2013 6 börn sem eru fædd árið 2015 og 5 börn sem eru fædd árið 2016.

Þetta er fyrsta árið sem við höfum verið að vinna með 3 árganga á Brekku, þannig að við þurftum aðeins að breyta til hjá okkur bæði hvað varðar verkefnavinnu og leikefni.

Elsti árgangurinn hjá okkur var að vinna með Snillingahefti þar sem er unnið með bókstafi og tölustafi, einnig unnu þau svokölluð aukaverkefni þar sem er verið að vinna með fínhyringar. Þau fóru í heimsókn í Ingunnarskóla einu sinni í mánuði þar sem kennarar úr fyrsta bekk tók á móti þeim og þar voru að vinna ýmis verkefni, leika og skoða skólann.

Elsti árgangurinn var nokkuð menningarlegur og fór m.a. í Borgarleikhúsið, Borgarbókasafnið, Hörpuna og Þjóðleikhúsið.

Næstýngsti og yngsti árgangurinn hjá okkur voru að vinna með hópahefti þar sem er verið að vinna með margskonar þemaverkefni og svo unnu þau einnig með könnunarleikinn.

Við á Brekku vorum mjög virk í listum og má þar nefna sérstaklega í litavikunum og þar komu börnin sterk inn til að koma með hugmyndir að listaverkum sem hentuðu hverjum lit fyrir sig.

Við á vorum mjög dugleg að fara í bæði styttri og lengri vettvangsferðir með öll börnin, við vorum mjög duglega að nýtum okkur nærumhverfið bæði í í leik og starfi.



Öll börnin fóru svo litlum hópum í tónlist og jóga einu sinni í viku.

Við hefðum gjarnan viljað geta unnið meira með hópana og farið í fleiri stærri vettvangsferðir, en því miður háðu okkur langtíma veikindi og fáliðun á Brekku í vetur.

Elín Ósk Guðmundsdóttir leikskólaliði og stuðningsfulltrúi, deildarstjóri á Brekku skólaárið 2018-2019

Niðurstaða endurmats

Stjörnur, það sem við gerum vel:

- Að komast í gegnum veturinn þrátt fyrir álag og oft erfiðar aðstæður
- Vettvangsferðir
- Fáir starfsmenn sem hafa staðið þétt saman
- Listir
- Þolinmæði

Laufblöð, það sem við viljum bæta:

- Mikil veikindi
- Hópastarf
- Tónlist
- Jóga

Umbótaáætlun deildar

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir umbóta	til	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málörvun barna af erlendum upprunar	Gera málörvun markvissa og skipulagða.	Setja á ákveðna daga dagskipulagi. Málleikir verkefni.	í	Haust 2019	Deildarstjóri og hópstjórar. Sérkennslu- stjóri.	Á deildar- fundum.	Skráningar á tíðni og verkefnum.



Tónlist	Fjölbreyttari lög/tónlist. Fá hugm. frá börnunum.	Skipuleggja. Tengja hópastarf.	Haust við 2019	Deildarstjórar og hópstjórar	Á deildarfundum og í lok hvorrar annar.	Myndir/ skráningar.
----------------	---	--------------------------------	----------------	------------------------------	---	---------------------

4.5 Maríustofa

Greinargerð deildarstjóra

Veturinn á Maríustofu var mjög lærdómsríkur.

Á Maríustofu voru 12 börn, 3 börn fædd 2104 og 9 börn fædd 2013.

Skóláhópurinn, eldri árgangur, vann í snillingahefti einu sinni í viku. Þar unnu þau með bókstafina ásamt öðrum verkefnum sem tengdust því, einnig fóru þau í skólaheimsóknir í Ingunnarskóla einu sinni í mánuði. Þar tók kennari í fyrsta bekk á móti þeim og unnu þau í skólaverkefnum þar. Einu sinni í viku fóru þau í íþróttasal í Ingunnarskóla.

Elstu börnin fóru í menningarferðir í Hörpuna, Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið Helgileik í Guðríðarkirkju og umferðarfræðslu sem var í leikskólanum Geislabaug.

Yngri árgangur vann í hópahæftum inni á Lundi með stafina og ýmis verkefni tengd því.

Við unnum einnig eftir hópahæftinu með lög og þulur sem börnin lærðu í samverustundum, sem voru eftir morgunmatinn. Börnin voru dugleg í þemaverkefnum sem gátu tengst ákveðnum viðburðum og litum, var þá rætt við börnin hvað ætti að vinna með og þau komu með sínar hugmyndir að verkefninu og þar komu mörg falleg verk frá börnunum.

Þennan vetur unnum við þróunarstarf með agamál með hegðunarráðgjafa frá þjónustumiðstöðinni, 1.2.3 töfrar og jákvæðan aga að börnin hafi alltaf val.

Við vorum dugleg að nýta okkur salinn, kubbastofu og Hlynstofu, einu sinni í viku fóru börnin í tveimur hópum með einum starfsmanni. Þau fóru öll í tónlist, Jóga og Lubba stundir þegar þær voru og í söngstund í sal einu sinni í viku.

Öll börnin fara út einu sinni á dag og oftast yfir sumarið og þá í skemmtilegar gönguferðir.

Guðný Elva Aradóttir leikskólakennari, deildarstjóri Maríustofu skólaárið 2018 – 2019.



Niðurstaða endurmats

Stjörnur, það sem við gerum vel:

- Hópastarfið
 - Náðum að fylgja hópaheftunum vel eftir
- Skólaheimsóknir og Snillingahefti

Laufblöð, það sem við viljum bæta:

- Fleiri vettvangsferðir
- Meiri gæðastundir með börnunum þar sem þau fá að koma með sínar hugmyndir

Umbótaáætlun deildar

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir umbóta	til	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið og árangur	um
Fleiri vettvangs- ferðir	Meiri hreyfing, fjölbreyttara umhverfi	Fara vettvangsferðir, setja í skipulag.	oftar í	September 2019	Deildarstjóri	Deildarfundir í vetur, matsfundur vorið 2020	Farið a.m.k. 1 sinni í mánuði.	1
Skipulagning hópastarfs og samveru- stunda	Meiri gæðastundir með börnunum í minni hópum	Fleiri starfsmenn að sinna hópastarfi, ákv. hópstjórar. Minni hópar í samverustundum		September 2019	Deildarstjóri	Deildarfundir í vetur, matsfundur vorið 2020	Hópurinn alltaf í tvennu lagi í hópastarfi	



5 Ytra mat

Foreldrakönnun fór fram á vorönn 2019. Hún var framkvæmd af Skóla- og frístundasviði og var foreldrum sendur tengill í tölvupósti á könnunina sem var rafræn. Niðurstöður hennar voru settar upp á síðunni QlikSense.

Helstu niðurstöður voru að foreldrar eru almennt ánægðir með starfið, námið, stefnu og aðferðir leikskólans. Þeir segjast vera meðvitaðir um starfið, en það litaði niðurstöðurnar þó nokkuð að könnunin fór fram fyrir hið árlega vorviðtal þar sem farið er ítarlega í þroska og stöðu hvers barns með foreldrum. Líklega er það ástæða þess að margir foreldrar sögðust ekki vera upplýstir um stöðu barnsins síns. Almenn óánægja var líka með lóð leikskólans, hún sögð gömul og úr sér gengin, leiktæki í slæmu ástandi og grasflötin holótt.

Starfsmannakönnun fór einnig fram á vorönn 2019. Hún var framkvæmd af Skóla- og frístundasviði og var starfsmönnum sendur tengill í tölvupósti á könnunina sem var rafræn. Niðurstöður hennar voru settar upp á síðunni QlikSense.

Þar sem svörun var afar dræm voru niðurstöður kannski ekki nógu marktækar, en aðeins um 30% starfsmanna svöruðu. Almenn nýta starfsmenn leikskólans ekki tölvupóstinn sem þeim er úthlutað hjá Reykjavíkurborg, enda vinna þeir almennt ekki við tölvur heldur með nemendum sínum. Við teljum það myndi vera mun áhrifaríkara annað hvort að setja upp margnota tengil fyrir vinnustaðinn sem hægt væri þá að fylgja eftir að fólk færi inn á, eða fá netfangalista sem er þá í eiginlegri notkun.

QlikSense finnst okkur ómöguleg aðferð til að lesa úr niðurstöðum, engin leið er að fá einhverja heildarsýn út úr gögnunum, ekki er hægt að prenta út að neinu leiti og mikil handavinna að skoða og bera saman einstaka liði. Oft er líka mjög flókið að lesa út úr niðurstöðunum hvað er í raun og veru verið að sýna, þ.e. hvaða forsendur eru settar upp og enn flóknara að stjórna því og/eða breyta. Vildum við gjarnan fá niðurstöðurnar annað hvort settar upp í Excel eða á einhvern eðlilegri hátt sem gefur okkur einhverja heildarmynd. Þá er afar mikilvægt að geta lesið á auðveldan hátt hversu margir svöruðu könnuninni, en við urðum að grafa það upp með krókaleiðum.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

6.1 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí og júní 2019. Leikskólastjóri tók samtölin við hvern og einn starfsmann inni á skrifstofu sinni.

Almennt um starfið : Það kom vel fram í samtölunum við starfsfólkið að veturinn er búinn að litast af krefjandi stuðningi og langtímaveikindum starfsmanna.

Fyrir utan þann þátt í starfinu er nokkuð gott hljóð í starfsmannahópnum. Þetta er búið að vera viðburðaríkt ár en jafnframt mjög lærdómsríkt.

Það stefnir í litla starfsmannaveltu í haust og er það jákvætt og hvetur starfsmenn í að horfa björtum augum á næsta skólaár.

Hvað hefur gengið vel : Mikil ánægja er almennt með alla fundi leikskólans. Þeir eru markvissir og skila árangri og samstöðu. Mjög gott að sjá fundargerðir eftir hvern deildarstjórafund á kaffistofunni.

Það hefur gengið vel að vinna að umbótaþáttunum sbr. að láta börnin vera virk í ákvörðunartökum og hafa ritmál og bækur sýnileg. Jógakennslan og tónlistin gekk mjög vel og börnin mjög spennt og ánægð með tímana.

Þrátt fyrir mikil veikindi í starfsmannahópnum hefur faglegt starf ekki fallið mikið niður. Áherslur, dagskipulag og samvinna hefur almennt gengið mjög vel og oft hefur reynt mikið á þann þátt í vetur.

Starfsfólk fær almennt hrós, hvatningu og ábyrgð og er mannauðurinn vel nýttur.

Deildarstjórar og aðrir stjórnendur fengu mikið hrós í samtölunum þrátt fyrir mikið álag oft á tíðum. Samvinna milli deilda hefur aukist og öll samvinna almennt í skólanum.

Umgengnin um leikskólann hefur lagast og eins er gengið betur frá leikefninu eftir að leikfangastofan var tekin í gegn og skipulögð betur.

Upplýsingaflæðið var líka oft nefnt. Vikuplanið og dagleg upplýsingargjöf fyrir klukkan níu og deildarstjórafundirnir skipta miklu máli.



Hjálpsemi og samvinna er almennt í leikskólanum. Mikil starfsreynsla og metnaður hjá starfsfólkinu að láta dagskipulag og faglegt starf ganga þrátt fyrir veikindi starfsmanna og aðra neikvæða þætti sem við ráðum ekki við.

Hvað má betur fara : Hópastarfið, starf elstu barnanna náði ekki að haldast samkvæmt snillingaheftunum. Jógakennslan og tónlistin féll niður eftir ármótin vegna langtíma veikinda starfsmanna. Það var mjög miður að allra mati.

Opið flæði og stofuskipti voru nefnd í því sem betur má fara og erum við enn að finna út hvaða tímasetning og skipulag er best.

Undirbúningstímar og deildarfundir hafa of oft fallið niður sérstaklega eftir áramótin.

Hreinskipt samskipti, starfsgleði og hómur fyrir starfinu gæti verið meiri og hugsa í lausnum.

Málörvunin, starfið með Lubba og umhverfismenntin hefði getað verið markvissari og þá sérstaklega eftir áramótin. Allir sammála um að vinna að því í haust.

Útiveran og skipulagið þar þarf að vera markvissara og að starfsfólk sameini reglur og sé meðvitað um hvaða svæði það á í útiverunni. Virkja börnin í tiltekt í lok útiverunnar.

Starfsþróun : Almenn ánægja er meðal starfsmanna að fara í námsferð á næsta ári. Einnig er starfsfólk alltaf jákvætt fyrir að fá „skemmtilega“ fyrirlesara/námskeið um samskipti.

Skólaheimsóknir og önnur fræðsla er alltaf gagnleg og skemmtileg. Fræðsla og kynning á þróunarverkefni okkar í haust um vináttuverkefnið og Blæ er jákvætt og spennandi að allra mati og tengja það við lífsleikninámið okkar.

Námskeið í Hljóm 2 þarf að panta fyrir þá starfsmenn sem hafa rétt á að taka það, sem eru leikskólakennarar og sérkennslustjóri.

Starfsaðstæður : Starfsfólk er almennt mjög ánægt með starfsaðstæður. Fundaraðstaðan er reyndar alls ekki nógu góð og sárvantar stærra fundaherbergi oft á tíðum og fleiri.

Notkunin á rýmum er góð, hljóðvistin nokkuð góð og þarf að skoða loftgæðin betur í húsinu.

Borð, stólar og önnur húsgögn hafa verið endurnýjuð að nokkru leyti sem er mjög jákvætt.

Líðan í starfi : Almennt séð er líðan í starfi starfsmanna góð. En enn og aftur er álagið, veikindi, frí og fleira nefnt í þessu tífelli.

Mikil hjálpsemi, starfsreynsla og samvinna hefur þróast í Maríuborg og reynir starfsfólk að horfa bjart fram á haustið. Fækkun barna og litlar fyrirsjáanlegar breytingar í starfmannahópnum eru mjög jákvæðir þættir sem hafa áhrif til framtíðar.

Starfsfólk er misþreytt eftir veturinn en áberandi er hvað hrósið, samvinnan og jákvæð framtíðarsýn kom oft fram í samtölunum.

Samskipti : Almennt séð ganga samskipti allra á Maríuborg mjög vel. Allir starfsmenn upplifðu að samskiptin við foreldra, börn og annað starfsfólk gangi mjög vel. Kom fram í nokkrum samtölum að fólkíð þekkist orðið vel og því gott að leita eftir aðstoð.

Hreinskipt samskipti eru alltaf besta leiðin til samskipta en hún getur verið snúin og erfið á köflum.

Starfsfólk er ánægt á sínum deildum og engar óskir um flutninga á milli deilda. Mikil ánægja er með deildarstjóra og er gott að leita til þeirra og annarra stjórnenda í skólanum.

6.2 Fræðsla

Skipulögð fræðsla skólaárið 2018 – 2019 fór fram á skipulagsdögum starfsmanna.

- 31. ágúst 2018 voru deildir að skipuleggja nám vetrarins. Einnig var langur starfsmannafundur þar sem farið var yfir áherslur skólans, stefnu, starf og heldur verklagsreglur.
- 1. október 2018 var skyndihjálparnámskeið fyrir alla starfsmenn.
- 16. nóvember 2018 átti að vera sameiginleg fræðsla fyrir alla starfsmenn grunn- og leikskóla í Grafarholti og Úlfarsárdal, en það féll niður vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Í staðinn nýttum við daginn í að skerpa á áherslum, stefnum og verklagsreglum á starfsmannafundi og deildarfundum.
- 7. febrúar 2019 var námskeið um einelti og viðbrögð við því. Einnig var þá matsfundur allra starfsmanna.

- 22. mars 2019 var námskeið um agastjórnun og agakerfi fyrir alla starfsmenn.
- 31. maí 2019 fóru starfsmenn í hópum í leikskólaheimsóknir, valdir voru skólar sem vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla þar sem við erum að innleiða það verkefni haustið 2019.

Fyrir utan skipulagða fræðslu á skipulagsdögum hvöttum við starfsfólk til að sækja sér fræðslu og endurmenntun utan og innan vinnutíma

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ingunnarskóli er hverfisskóli Maríuborgar og erum við í nánú samstarfi okkar á milli er varðar námsáherslur og samstarf um að brúa bilið milli skólastiganna. Meginmarkmið samstarfsins er að auðvelda aðlögun og ánægju barnanna, stuðla að öryggi þeirra í nýjum aðstæðum og farsælli samfellu í námi þeirra.

Sameiginleg læsisstefna Ingunnarskóla og Maríuborgar var gefin út árið 2014. Þar koma fram markmið skólanna beggja til eflingar læsis, málþroska, skilnings og orðaforða. Elstu börn leikskólans vinna allan seinasta veturinn verkefni í svokölluðu Snillingahefti sem miða að því að byggja sterkan grunn læsis og talnaskilnings. Verkefni þessi eru sett saman og útfærð í samvinnu við kennara yngsta stigs Ingunnarskóla.

Skólaárið 2015 -2016 fór fram mikil þróun í starfi elstu barna Maríuborgar þar sem unnið var enn dýpra en áður með læsisstefnu skólans og stærðfræðinám. Helsta markmiðið var að auka við og dýpka verkefni Snillingaheftisins. Gekk það verkefni vonum frammar og búum við vel að því sterka námsefni sem varð til þann vetur en einnig höfum við þróað það enn frekar í samvinnu við kennara Ingunnarskóla.

Á vorönn er haldinn samráðsfundur milli skólanna þar sem áætlun og markmið eru gerð fyrir komandi skólaár. Jafnframt eru þá haldnir skilafundir þar sem leikskólakennarar segja frá því helsta um barnahópin, grunnskólakennarar fá niðurstöður Hljóm2 prófa sem gerð eru á öllum börnum leikskólans sem og sérþarfir einstakra barna. Þá er einnig samstarf liðins vetrar endurmetið. Á vorönn 2019 var sú nýbreytni að forstöðumenn Stjórnulands og Fjóssins sátu einnig þennan fund og verður því haldið áfram.



Heimsóknir milli skólanna eru tíðar yfir veturinn, en markmiðið með heimsóknunum er að börnin verði örugg í nýju umhverfi, kynnist kennurum, sjái aðstæður, kynnist helstu reglum og rati um skólann. Einu sinni í mánuði er farið í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar og fá þá börnin verkefnahefti sem þau vinna með allan veturinn (samræmt við Snillingaheftið), leika með leikefni og kynnast helstu kennslugögnum, fara í tölvur og á bókasafnið. Einu sinni á önn er farið í söngsal með öllum börnum skólans og í maí fara börnin ásamt foreldrum sínum í heimsókn í Stjörnuland, sem er frístundarheimili Ingunnarskóla. Þar er starfsemi frístundarinnar kynnt, aðstæður skoðaðar og börnin fá að leika sér. Eftir heimsóknina í Stjörnuland fá börnin að borða í matsal Ingunnarskóla.

Oft á tíðum höfum við haft aðgang fyrir elstu börnin að íþróttasal Ingunnarskóla og höfum við nýtt það til að fara í meira krefjandi íþróttaleiki og æfingar. Eins höfum við séð að börnin verða öruggari við mót skólastiga þegar þau þekkja umhverfið svo vel. Því miður hefur salurinn verið svo þéttsetinn af hinum ýmsu íþróttæfingum að við höfum ekki komist að þennan vetur, en Fram hefur fengið aðstöðu í salnum fyrir sínar æfingar. Vonumst við til þess að geta aftur komist að, sérstaklega þegar styttest í að Fram fái sína aðstöðu í Úlfarsárdal. Þangað til nýtum við þær aðstæður sem við höfum, salinn okkar, lóðina og fjölbreytt umhverfið.

Nokkur börn Maríuborgar fara yfir í Sæmundarskóla ár hvert og er gott samstarf okkar á milli. Þau börn vinna að sjálfsögðu með Snillingahefti líkt og þau sem fara í Ingunnarskóla, einnig er farið í sams konar heimsóknir í Sæmundarskóla.

8 Foreldrasamvinna

Í Maríuborg er mikið lagt upp úr góðum samskiptum og samstarfi heimilis og skóla. Sérstök áhersla er á dagleg samskipti kennara og foreldra um allt sem viðkemur barninu og eru allir stjórnendur skólans ætíð til viðtals.

Foreldraráð Maríuborgar er skipað af þremur foreldrum auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð að hausti, á foreldrafundum. Foreldraráð er í reglulegum tölvupóstsamskiptum um framgang leikskólastarfsins og fundar eftir þörfum um stærri mál er varða starfið.

Foreldrafundir eru haldnir á hverri deild að hausti þar sem starfsfólk kynnir sig og deildarstjóri kynnir skipulag og markmið vetrarstarfsins.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári. Á haustönn er einstaklingsnámskrá unnin í samráði við foreldra og á vorönn eru niðurstöður gátlista kynntar foreldrum, farið yfir markmið einstaklingsnámskrár og rætt um almenna stöðu barnsins.

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Það er skipað átta foreldrum, einum til tveim af hverri deild, auk leikskólastjóra. Hlutverk foreldrafélagsins er að auðga og bæta við starf og skemmtun barnanna, t.a.m. með því að bjóða upp á jólaskemmtun, sveitaferð og leiktæki eða skemmtiatriði á sumarhátíð. Þá hefur foreldrafélagið einnig fært leikskólanum ýmsar gjafir, s.s. hljóðfæri, myndavélar og annað sem þarf til kennslunnar og starfsins í skólanum.

9 Skipulagsdagar og skóladagatal

Skipulagsdagar eru að venju sex, en einum verður skipt í tvennt þannig að tvo daga á vorönn munum við loka klukkan 12:00 og hafa skipulagsdag eftir hádegi. Í samræmi við hverfastefnu Reykjavíkurborgar eru þrír skipulagsdagar á sama degi og Ingunnarskóli er með skipulagsdag, þeir eru stjórnumerktir. Maríuborg er lokuð á skipulagsdögum en þá daga nýta kennarar til skipulags starfsins, undirbúnings, fræðslu, endurmats og funda. Skipulagsdagar skólaársins 2019 – 2020 eru tveir á haustönn 2019, mánudagurinn 16. september og föstudagurinn 15. nóvember*, og fjórir (þ.a. 2 hálfir) á vorönn 2020, miðvikudagurinn 15. janúar*, föstudagurinn 20. mars (frá 12:00), þriðjudagurinn 19. maí (frá 12:00), miðvikudagurinn 20. maí og föstudagurinn 22. maí*.

Nánar um skipulagsdaga skólaárið 2019 – 2020:

- 16. september – vetrarstarfið skipulagt, deildarfundir og árgangafundir. Unnið að starfsmannahandbók og samskiptasamningi starfsmanna.
- 15. nóvember* - sameiginlegur skipulagsdagur allra skóla í Grafarholti og Úlfarsárdal. Fyrir hádegi er sameiginleg dagskrá og fræðsla, en eftir hádegi er starfsmannafundur í Maríuborg og deildarfundir.
- 15. janúar* - matsfundur og hópavinna að umbótaáætlun.
- 20. mars (frá kl. 12:00) – Starfsmannafundur og deildarfundir.
- 19. maí (frá kl. 12:00), 20. maí og 22. maí – námsferð starfsmanna til Gdansk í Póllandi. Þar munum við sækja námskeið um jákvæðan aga, heimsækja skóla sem vinnur eftir agastefnunni og sækja námskeið í teymisvinnu.



Helstu hefðir og viðburðir sem hafa fest sig í sessi í Maríuborg munu einnig eiga sinn stað skólaárið 2018 – 2019. Má þar nefna litavikur í hverjum mánuði sem tengjast því þema sem unnið er með í hópahæftum, en einnig ýmsum átökum í þjóðfélaginu líkt og *Bleika slaufan* í október. Þá verður feðrakaffi í tengslum við feðradaginn í nóvember, mæðrakaffi í tengslum við mæðradaginn í maí og ömmu- og afkaffi í tengslum við þorrann. Að sjálfsgöðu höldum við upp á íslenskar hátíðir eins og jól og páska. Sjá má skóladagatal Maríuborgar 2019 – 2020 í fylgiskjölum (PDF skjal merkt 10.5).

Maríuborg lokar í 20 virka daga, eða fjórar vikur, ár hvert yfir sumartímann. Snemma árs (yfirleitt um mánaðarmótin janúar-febrúar) er framkvæmd könnun meðal foreldra um hvaða tímabil verði lokað. Þrjú tímabil frá miðjum júní fram að miðjum ágúst eru í boði og lokar leikskólinn það tímabil sem flestir kjósa. Könnunin er rafræn og höfum við nýtt vefsíðuna surveymonkey.com til að senda út könnunina og safna niðurstöðum. Sumarið 2019 er lokað frá og með 8. júlí til og með 5. ágúst.

10 Fylgiskjöl

10.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

10.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.4 Fylgiskjal 4 – Umbótaáætlun eftir matsfund í febrúar 2019

10.5 Fylgiskjal 5 – Skóladagatal (PDF)

F. h. leikskólans Maríuborgar



Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning

Greinargerð ábyrgðarmanns sérkennslu

Veturinn 2018-2019 voru 3 börn sem nutu stuðnings, allt frá 4 klst. á dag, í 8 klst. háð fjármagni og stuðningsaðila. Voru það fjórir starfsmenn sem sinntu stuðning.

Málörvun fór fram í leikskólanum 4 daga vikunnar. Þeim börnum er þurfa markvissa málörvun var skipt í hópa eftir þörfum þeirra. Tvítyngd og þrítyngd börn saman, börn með framburðargalla saman o.þ.h. Með því móti komust fleiri að og málörvunartíminn markvissari. Alls voru 11 börn sem hlutu málörvun, einu til tvisvar sinnum í viku. Einhver hluti þessarra barna fara í talþjálfun utan leikskóla og er unnið með þau börn í samvinnu til talþjálfu.

Í málörvun utan deildar sem og á deild er unnið mikið með „Lubbi finnur málbein“.

Leikskólar Grafarholts og Úlfársárdals vinna eftir sama verklagi þar sem ákveðið var að skima öll börn með EFI – 2 og nýta þar niðurstöður til að geta hafið snemmtæka íhlutun hvað varðar tal og framburð barna á fjórða aldursári. Einnig skráum við niður á tiltekinn pappír ef haft er samband eftir 2,5 árs skoðun og 4 ára skoðun. Þá leggja einnig allir leikskólarnir Hljóm fyrir börn á elsta ári. Fer þessi tiltekni pappír áfram með barni í Grunnskólann.

Þennan vetur vorum við með verkefnastjóra yfir markvissri málörvun þar sem sérkennslustjórinn var að sinna aðstoðarleikskólastjórastöðu ásamt sérkennslustjórastöðu.

Þegar gerð er einstaklingsnámskrá þá hefur það fallið undir stuðningsaðila/deildarstjóra og sérkennslustjóra. Hún er síðan kynnt fyrir aðstandendum á teymisfundi og lagfærð ef þess er talið þörf. Einstaklingsnámskráin er unnin með það í huga að stuðningur og starfsfólk deildar geti nýtt sér hana til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru upp í henni í samráði við foreldra/forráðamenn og starfsfólk leikskólans. Einstaklingsnámskráin er uppfærð á 3-12 mánaða og endurskoðuð eftir þörfum.

Haldnir eru upplýsingafundir í upphafi ferlis með foreldrum þar sem farið er yfir stöðu mála. Í framhaldi af því eru haldnir teymisfundir með 6-8 vikna millibili eða eftir þörfum. Þegar kemur að því að barn fer í skóla er skilafundur haldinn með foreldrum og starfsfólki Grunnskólans. Á þessum fundum er ávallt starfsmaður frá Þjónustumiðstöðinni, ýmist hegðunarráðgjafi,

sérkennsluráðgjafi eða sálfræðingur. Á þessum fundum eru foreldrum/forráðamönnum kynnt hvaða úrræði eru í boði og þeim boðið að sækja námskeið á vegum Þjónustumiðstöðvarinnar.

Gott samstarf er á milli leikskólans og þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. 1x á önn kemur teymi frá Þjónustumiðstöðinni og er með samráðsfund með starfsfólki/deildarstjórum. Í teyminu eru sérkennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi, sálfræðingur og félagsráðgjafi.

Einnig eru sérkennslustjórar boðaðir á fund 1x á önn þar sem sérkennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi, sálfræðingur, talmeinafræðingur og félagsfræðingur kynna ýmis málefni er koma að leikskólunum. Þá mega sérkennslustjórar koma með hugmyndir um efni á fundunum. Einnig eigum við gott samstarfs við Talmeinastofur og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þess má geta að 6 talmeinafræðingar hófu störf hjá Þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar þetta árið og eru þeir að koma inn í leikskólann til að vinna með börnun er þurfa á þeirri aðstoð að halda.

Samvinna á sér stað milli sérkennslustjóra og stuðningsaðila. Farið er yfir stöðu barns/barna og hugmyndir að nýjum leiðum ræddar á fundum. Hugmyndin er að hafa þessa fundi reglulega eða að lágmarki 1x í mánuði. Stuðningsaðilar eiga undirbúningstíma og hafa þeir nýtt þann tíma m.a. til að undirbúa stuðningstíma og sækja í ráðgjöf og samráð með sérkennslustjóra.

Þóra Björk Waltersdóttir þroskaþjálfari, ábyrgðarmaður sérkennslu skólaárið 2018 - 2019

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Athugasemdir
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	3	

Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3 (5)	Talan innan sviga eru fjöldi í heild sem sinna stuðning með og án fjármagns.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já/Nei	Áætlun verður komin í gagnið 2.september 2019
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já/Nei	Ekki er til sértæk áætlun fyrir Maríuborg en vinnum eftir áætlun SFS
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já/Nei	Ekki allar urðu virkt gagn.
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Stuðningur miðlar á deildarfundum
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	Fundir á 6-8 vikna fresti
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	Frá leikskóla og þjónustumiðstöð
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	Starfsmannafundir, deildarfundir, samráð, deildarstjórafundir

Niðurstöður innra mats

Stjörnur, það sem gekk vel:

- Gott utanumhald funda/teyma vegna stuðningsbarna.
- Gott samstarf á milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans.

Laufblöð, það sem þarf að bæta:



- Vantaði uppá skráningu framfara og að virkja einstaklingsáætlun sem vinnugagn.
- Starfsfólk deilda þarf að vera meðvitaðar um málörvun á deild.

Umbótaáætlun sérkennslu

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir umbóta	til	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið árangur	um
Leggja Efi-2 markvisst	Að leggja matið fyrir öll börn á fjórða aldursári	Leggjum prófið fyrir börnin		15.sept. – 15.maí	Sérkennslu- stjóri LSK- kennarar með leyfi á EFI-2	Könnun og söfnun gagna	Niðurstöður liggja fyrir eftir matið.	
Útbúa einstaklings áætlanir	Að öll börn sem njóta einhverskona r stuðnings séu með einstaklingsáætlun	Útbúum áætlun samráði foreldra/ stuðningsaðila / starfsmenn deilda.		Lokið fyrir í des.2019/ maí 2020	Sérkennslu- stjóri Stuðningur/ deildarstjóri	Rýni, söfnun gagna, samtali við foreldra	Samantekt á teymisfundum. Endurmat á markmiðum.	
Áætlun vegna málörvunar	Að verkferlar séu skýrir er koma að málörvun	Útbúa áætlun		Haust 2019	Sérkennslu- stjóri	Söfnun gagna	Lokið fyrir október 2019	
Áætlun vegna Snemmtæk rar íhlutunar	Að verkferlar séu skýrir er koma að snemmtækri íhlutun	Útbúa áætlun		Haust 2019	Sérkennslu- stjóri	Söfnun gagna	Lokið fyrir október 2019	



Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Skólaárið 2018 – 2019 var sérstakur verkefnastjóri málörvunar, sem einnig sá um eflingu markvissrar kennslu í tengslum við bókina *Lubbi finnur málbein*. Verkefnastjórinn lét af störfum 15. maí 2019, en ábyrgðarmaður sérkennslu framkvæmdi endurmatið.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Já	Markviss málörvun og starf á deild
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	
Er fylgst með framförum barnanna?	Nei	þarf að skrá markvisst. Einungis huglægt mat.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	þarf að bæta – auka málörvunartíma.



Niðurstöður innra mats**Stjörnur, það sem vel var gert:**

- Vel haldið utan um málörvun þegar starfsmannastaðan var góð í húsi.
- Flott vinna með Lubbi finnur málbein.

Laufblöð, það sem þarf að bæta:

- Laufblöð: vöntun á skráningu til að meta framfarir.
- Vantar að virkja hluta hóps starfsmanna til að efla málörvun innan deilda.
- Efla vinnu með Lubba.

Umbótaáætlun málörvunar barna með annað móðurmál en íslensku

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir umbóta	til	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; og hvernig	Viðmið og árangur	um
Markviss Málörvun	Efla málörvun	Halda skrá á eyðublöð	skráningu,	Sept. 2019	Sérkennslu- stjóri	Söfnun gagna, samantekt	Taka niðurstöður framfarir	saman og
Fræðsla um málörvun	Efla málörvun inná deildum	Fræða um málörvunar	starfsfólk mikilvægi	Sept. 2019	Sérkennslu- stjóri	Söfnun gagna, Kynning	Minnst skipulagsdagur næsta Erindi starfsmanna- fundi.	einn vetur. á



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020

Maríuborg

Umsögn foreldraráðs

23. september 2019

Foreldraráð Maríuborgar hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun og skóladagatal leikskólans fyrir skólaárið 2019-2020. Í áætluninni kemur fram greinargerð um starf síðasta árs, farið yfir niðurstöður úr innra og ytra mati leikskólans og sett fram umbótaáætlun fyrir allar deildir og sérkennslu skólaárið 2019-2020.

Foreldraráð Maríuborgar,
Anna Katrín Ragnarsdóttir
Anna Svavarsdóttir
Hildur Hermannsdóttir
Örvar Sveinsson

Fyrir hönd foreldraráðs,

Hildur Hermannsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur



starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Fylgiskjal 4 – Umbótaáætlun eftir matsfund í febrúar

Umbóta- þættir	Markmið umbótum	með	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Fjarvistir starfsm/ niðurf. starfs	Kanna	loftgæði	Fá aðila til að meta loftgæði með tilliti til myglu og annars	Fyrir sumar- lokun '19	Leikskólastjóri	Niðurstöður matsins	Loftgæði góð, ef ekki þá viðhald/framkvæmdir til bóta.
	Takmarka utan orlofstíma	orlof	Bara einn af hverri deild og ekki af öllum deildum í einu	Sept. '19 – maí '20	Leikskólastjóri/ deildarstjórar	Matsfundur jan. '20	Árið 2018 var 1% kennsludaga með fulla mætingu, markmiðið er 3% 2019 (úr 3 í 7)
Útisvæði og útivera	Vantar skipulag garðinum	vakta- í	Uppfæra skipulagið, bæta Maríustofu inn á	Lok mars '19	Aðstoðar- leikskólastjóri	Deildarstjórafundur byrjun maí	í Skipulagið komið upp
Samvinna, samskipti, hjálpsemi	Sveigjanleiki með undirbúning	með	Skráningarblað í vinnuherbergi, merkt við hvenær er í ub.	Skólaárið '19 - '20	Kennarar og deildarstjórar	Matsfundur jan. '20	Hver deild náí a.m.k. 5 klst. á viku, óháð kennara
	Hjálpsemi, meðvitund aðra	um	Fylgjast með öðrum deildum og ólíkum álagstímum	Skólaárið '19 - '20	Allir starfsmenn Stjórnendateymi	Matsfundur jan. '20 Vorönn '20	Jafnmargar stjórnur á matsfundi jan. '20 Samræmdar reglur og aðferðir yfir allan skóla
	Samræmd agastefna		Fara í vinnu við stefnu okkar í agamálum	Fyrsta sk.dag haust '19	Leikskólastjóri	Haustönn '19	Staðan orðin skýr þegar farið er milli deilda
	Seinna stöðutjékk		Fara rúntinn kl. 9	Lok mars '19			
Matseðill	Meiri fjölbreytni í ávaxtatímum	í	Kennarar náí einnig í grænmeti, vera í samráði við matráð	Lok mars '19	Allir starfsmenn	Matsfundur jan. '20	Grænmeti í boði ca. einu sinni í viku

Tónlist jóga	og Forðast að fella niður stundir	Kenna starfsfólki einföld/handhæg verkefni til að grípa í Kaupa efnivið/ koma upp setti sem auðvelt er að kippa með sér	Skipulagsd. 31. maí '19 Vor/sumar '19	Verkefnastjórar/ Allir starfsmenn Verkefnastjórar og leikskólastj.	Matsfundur jan. '20	Stundir haldist í tónlist og jóga, þó kannski styttri í fjarvist verkefnastjóra
Lubbi finnur málbein	Lubbi sýnilegur í öllu starfi Forðast að fella niður stundir	Hafa bókina uppi við Vera vakandi fyrir tækifærum í daglegu starfi, setja orð og máhljóð á allar athafnir og hluti Halda Lubbastundir	Lok mars '19 Skólaárið '19 - '20	Deildarstjórar, allt starfsfólk Deildarstjórar, allt starfsfólk	Matsfundur jan. '20	Lubbi áberandi um leið og gengið er inn í skólann/ deildirnar Lubbastundir verði haldnar
Upplýsinga-flæði	Koma skilaboðum um forföll til skila Láta vita um forföll barna á sérfæði	Hringja inn á Þúfu ef fyrir kl. 8 Biðja foreldra um að láta betur vita	Lok mars '19 Lok mars '19	Allt starfsfólk Deildarstjórar	Matsfundur jan. '20 Matsfundur jan. '20	Öll skilaboð komist til skila, bæði um forföll starfsfólks og barna
Stofuskipti og flæði	Tímasetning og tilhögun betri	Haft seinnipartinn Byrja kl. 14:30 og kaffitími á gestadeild	Mars '19	Deildarstjórar	Matsfundur júní '19	Stofuskipti og flæði haldi sér og gangi vel að flestra mati
Starfsandi	Virkja samskipta-samning	Efla hreinskipt samskipti, auka kurteisi, sömu reglur fyrir alla	Skólaárið '19 - '20	Allt starfsfólk	Matsfundir '19 - '20 Matsfundur jan. '20	Samskiptasamningurinn verði áberandi í öllu samstarfi í Maríuborg



	Trúnaður við börn/ friður á kaffistofu	Ekki tala um vinnuna/ börnin inni á kaffistofu	Lok mars '19	Allt starfsfólk		Nöfn barna heyrist ekki inni á kaffistofu
Umgengni kennara	Bæta umgengni um skólann	Ganga frá eftir sig Hafa snyrtilegt í kringum okkur, óháð hver ruslaði til	Lok mars '19	Allt starfsfólk	Matsfundur jan. '20	Gólf sópuð, gengið frá mataráhöldum á rétta staði, hlutir settir aftur þar sem þeir voru teknir
Vinnu-fyrirkomul./ röðun á deildir	Samstillta vinnutíma	Yfirfara reglulega	Skólaárið '19 - '20	Stjórnendateymi	Matsfundur jan. '20	Færri skipti sem vantar í byrjun og/eða lok dags
	Sveigjanleiki starfsmanna milli deilda	Meðvitund um stöðu í húsi Hjálpa til milli deilda		Allt starfsfólk		
Nýting efniviðar	Nýta betur allan flotta efniviðinn okkar	Gera efnivið aðgengilegri, fá snaga fyrir fallhlíf, losa um sullukar í útigeymslu o.s.frv. Virkja hvert annað, segja nýju fólki frá	Vor/sumar '19	Stjórnendateymi Allt starfsfólk	Matsfundur jan. '20	Efniviður sem núna safnar ryki í fullri notkun
			Lok mars '19	Deildarstjórar		
Fyrirkomulag sérstakra viðburða	Haga þannig að henti sem flestum	Halda tímasetningu á opnum húsum, þ.e. seinnipartinn (kl. 15) Fá skemmtun á jólaball sem hentar öllum aldri	Skólaárið '19 - '20	Stjórnendateymi	Matsfundur jan. '20	Opin hús gangi „grátlaust“ fyrir sig
			Nóv. '19	Leikskólastjóri/ foreldrafélag		Öll börn hafi gaman og klári ballið með okkur





Skóladagatal Mariuborgar 2019 - 2020

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdaurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M Rauð vika	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F Gulur dagur	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M Fjólublá vináttuvika	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M Græn vika	4 F	4 L
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ Opnum eftir sumarfrí	6 F	6 S	6 M	6 F Rauður jólahúfundagur	6 M Svört vika Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F Fjólublár vinad. Feðrakaffi	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F Grænn dagur Mæðrakaffi	7 S Sjómannadagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M Blá vika	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S Feðradagur	10 Þ	10 F Rafmagnslaussvartur dagur	10 M Hvít vika	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M Kirkjuferð Jólaleikrit elstu b.	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Aðventukaffi og jólaball	13 M	13 F	13 F Blár íþróttadagur	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M Bleik vika	14 F Afmæli Mariub. Hattaball	14 L	14 Þ	14 F Hvítur tannverndard.	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F Skipulagsdagur	15 S Skipulagsdagur	15 M Skipulagsdagur	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Skipulagsdagur 16 M Dagur ísl. náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ Hjóladaurur	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F Bleikur íþróttadagur	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ Hálfur skipulagsd.	19 F	19 S
20 Þ Hjóladaurur	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F Hálfur skipulagsd.	20 M	20 M Skipulagsdagur	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ Barnamenningarh. Opið hús	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Barnamenningarh.	22 F Skipulagsdagur	22 M	22 M
23 F	23 M Appelsínugul umferðarvika	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarh.	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Ömmu&afakaffi Bónadagur	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Barnamenningar-hátíð	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F Bangsa/náttf.d	25 M	25 M Jóladaurur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barnamenningar-hátíð	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F	26 S Barnamenningar-hátíð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F Appelsínugulur tankadagur	27 S Aipjóðlegur bangsadagur	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F Rugidagur	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M Gul vika	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F Hrekkjavaka		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F

Samkvæmt reglum um þjónustu leikskóla er Mariuborg lokuð 6 daga ári vegna skipulagsdaga starfsfólks, þeir eru merktir með rauðum fleti og hvítu lettri í dagatalinu. Samkvæmt hverfastefnu Reykjavíkurborgar eru þeir af þeim dögum sameiginlegir með Ingunnarskóla, þeir eru stjórnumerktir.

Sumarhátíð, útskriftarferð og útskrift verða í lok skólaársins, þau eru ákveðin eftir veðri og vindum og vel auglýst þegar þau kemur. Hjóladaurur, útileikfangadagur og vatnsdagur eru að sumri og skipulagðir eftir veðri.

Skóladagatalið getur breyst yfir árið og eru þær breytingar vel auglýstar, hvetjum við foreldra til að fylgjast með viðburðad agatölum deilda sem og auglýsingum og tilkynningum frá leikskólastjóra.